



## ALMENNIR SKILMÁLAR með viðaukum. Mars 2010

- Viðauki 1 -Yfirlit yfir flokkun viðskiptavina
  - Viðauki 2 -Yfirlit yfir fjármálagerninga og áhættur
  - Viðauki 3 -Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla
-

## EFNI OG TILGANGUR

Skilmálar þessir gilda í viðskiptum Saga Fjárfestingarbanka hf., kt. 660906-1260, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri og viðskiptavina sem eiga viðskipti með fjármálagerninga við markaðsviðskipti bankans og önnur svið eftir því sem við getur átt. Þegar talað er um bankann eða Saga Fjárfestingabanka er átt við Saga Fjárfestingarbanka hf.

Saga Fjárfestingarbanki hefur starfsleyfi sem fjárfestingarbanki (lánaþyrftæki) sem veitt er af Fjármálaeftirlitinu og starfsemi bankans er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Skilmálarnir gilda fyrir öll markaðsviðskipti við Saga Fjárfestingarbanka og er ætlað að lýsa því réttarsambandi sem ríkir milli bankans og viðskiptavinar vegna markaðsviðskipta og að stuðla að því að viðskiptavinur geri sér grein fyrir eðli þeirra samninga sem falla undir skilmálana, réttindum og skyldum samningsaðila, sem og þeirri áhættu sem viðskiptunum fylgir og hvaða þjónusta fellur utan skilmálanna. Í viðauka 1 við skilmálana er að finna Yfirlit yfir flokkun fjárfesta og í viðauka 2 er að finna Yfirlit yfir verðbréf og áhættur. Saga Fjárfestingarbanki hefur sett sér *Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla* í samræmi við 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti, sem er viðauki 3 við skilmála þessa. Jafnframt hefur bankinn sett sér *Stefnu um hagsmunaárekstra* í samræmi við 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti sem og *Verklagsreglur um eigin viðskipti* í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins.

Athygli viðskiptavinar er sérstaklega vakin á því að markaðsviðskipti Saga Fjárfestingarbanka sérhæfa sig ekki í viðskiptum við almenna fjárfesta né heldur persónulegri ráðgjöf við fjárfesta og því getur fjárfesti reynt nauðsynlegt að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga vegna viðskipta sem hann gerir á grundvelli þessara skilmála. Viðskiptavinur er ennfremur hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma, s.s. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ef viðskiptavinur er lögaðili, skal stjórn staðfesta skilmálana fyrir hans hönd og gefa þeim starfsmönnum sem stjórnin óskar, sérstakt umboð til að eiga viðskipti við bankann samkvæmt skilmálunum.

Saga Fjárfestingarbanki gerir þá kröfu að viðskiptavinir kynni sér skilmálana og samþykki þá áður en þeir eiga markaðsviðskipti við bankann.

## 1. GILDISSVIÐ

Skilmálar þessir gilda um öll markaðsviðskipti sem eiga sér stað milli Saga Fjárfestingarbanka og viðskiptavinar, svo sem kaup og sölu verðbréfa, afleiðuviðskipti, peningamarkaðslán, gjaldeyrisviðskipti og tengda þjónustu. Markaðsskilmálar þessir gilda til viðbótar við alla þá samninga sem viðskiptavinurinn kann að gera við bankann. Fari svo að misræmi sé milli skilmála þessara og einstakra samninga skulu samningarnir gilda. Skilmálarnir gilda hvort sem viðskiptin eiga sér stað í gegnum veraldarvefinn eða á annan hátt.

## 2. SKILGREININGAR

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í skilmálum þessum, sem og öðrum samningum sem gerðir eru og falla undir gildissvið skilmála þessara:

**Bankadagur:** Virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi og í þeim fjármálamiðstöðvum fyrir þá fjármálagerninga sem tilgreindir eru í samningi.

**Bankadagsregla:** Ein eftirfarandi regla sem skal tilgreind í samningi. Hún lýsir því hvernig samningsbundnir gjalddagar færast ef þeir lenda ekki á bankadegi fyrir viðkomandi gjaldmiðil. Bankadagsreglurnar eru sem hér segir:

- A. Næsti bankadagur á eftir:** Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.
- B. Næsti bankadagur á eftir með undantekningu:** Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur nema sú tilfærsla hafi í för með sér að gjalddaginn flytjist yfir í næsta mánuð. Við slík skilyrði flyst gjalddaginn yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er í samningi.
- C. Næsti bankadagur á undan:** Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.

**Samningsdagur:** Sá dagur þegar banki staðfestir þau viðskipti og þau kjör sem viðskiptavinur hefur óskað eftir.

**Vaxtatímabil:** Sá daga- eða mánaðafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru

## Almennir skilmálar

reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram á síðasta dag tímabilsins. Fyrsta vaxtatímabil samnings hefst á fyrsta vaxtadegi samningsins og endar á fyrsta gjalddaga vaxta. Hvert vaxtatímabil sem á eftir fer hefst á gjalddaga vaxta þess tímabils sem næst er á undan og endar á næsta gjalddaga vaxta. Síðasta vaxtatímabilið endar á lokadegi samningsins.

**Gjalddagi vaxta og vaxtagreiðsla:** Gjalddagi vaxta er á síðasta degi hvers vaxtatímabils og í lok samningstíma. Bankadagsreglur gilda um gjalddaga vaxta.

**Fyrsti vaxtadagur:** Fyrsti dagur fyrsta vaxtatímabils.

**Dagareglur við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi):** Tilgreina skal í samningi hvernig vextir skulu reiknaðir. Hægt er að beita fleiri en einni aðferð í sama samningi. Helstu aðferðirnar eru þessar:

- A. **A/365:** Fjöldi almanaksdaga á móti 365. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 365.
- B. **A/360:** Fjöldi almanaksdaga á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.
- C. **30/360:** 30 dagar á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda daga í hverju vaxtatímabili miðað við að hver mánuður teljist 30 dagar og deilt í þann dagafjölda með 360.
- D. **30E/360:** Evru-skuldabréfareglan. Vaxtaútreikningur byggist á því að árið sé 12 mánuðir sem hver er með 30 dögum, þó þannig að ef síðasti dagur vaxtatímabils fellur á síðasta dag febrúarmánaðar fær febrúar ekki 30 daga heldur hinn raunverulega dagafjölda mánaðarins. Deilt er í dagafjöldann með 360.

**REIBOR vextir:** (Reykjavík Inter Bank Offered Rate): Meðalvextir millibankaútlána í íslenskum krónum á millibankamarkaði í Reykjavík, eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands kl. 11:30 að staðartíma dag hvern í Reykjavík.

**LIBOR vextir:** (London Inter Bank Offered Rate): vextir á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters.

**EURIBOR vextir:** (European Interbank Offered Rate): vextir á millibankamarkaði í aðildarríkjum Evrópska

myntbandalagsins eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í Brussel.

**Fjármálagerningur:** Skilgreiningu á fjármálagerningi er að finna í 2. tl. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Til fjármálagerninga teljast m.a. hlutabréf, skuldabréf og önnur framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsskjöl, hlutdeildarskírteini og afleiður.

**Skráður fjármálagerningur:** Fjármálagerningur sem tekinn hefur verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

**Óskráður fjármálagerningur:** Fjármálagerningur sem ekki hefur verið tekinn til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

### 3. UPPHAF VIÐSKIPTA

Saga Fjárfestingarbanki skal sækja um kennitölu hjá Hagstofu Íslands ef víðskiptamaður er erlendur lögaðili og skal víðskiptamaður bera kostnað vegna þess.

Sé þess krafist skal víðskiptavinur leggja fram skriflega staðfestingu frá lögmanni þess efnis að lögmanninum hafi verið veitt umboð til að taka við stefnum og hvers kyns tilkynningum er snerta víðskipti aðila f.h. víðskiptavinar.

Vegna ákvæða laga 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal víðskiptavinur fylla út eyðublað og skila gögnum þar að lútandi. Jafnframt áskilur bankinn sér rétt til að krefjast frekari gagna um víðskiptavininn og um þá fjármuni sem hann hyggst vera með í vörslu hjá bankanum, eða stunda víðskipti með við bankann, en með undirritun sinni á skilmálana staðfestir víðskiptavinur að þeir fjármunir sem hann afhendir bankanum séu í hans eigu. Óski hann eftir, við stofnun víðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni í eigu annarra eða aðrar breytingar verða á áður veittum upplýsingum, skal hann tilkynna bankanum um slíkt skriflega og getur bankinn þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi.

Óski víðskiptavinnur eftir að eiga víðskipti með fjármálagerninga sem ekki eru einfaldir fjármálagerningar í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða óski hann eftir að honum verði veitt fjárfestingarráðgjöf í tengslum við fjármálagerninga, og Saga Fjárfestingarbanki samþykkir að hafa milligöngu um slík víðskipti og/eða að veita slíka þjónustu, er víðskiptavini skylt að gangast undir sérstakt mat af hálfu Saga Fjárfestingarbanka í samræmi við reglur Saga Fjárfestingarbanka og ákvæði 15. og 16. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Víðskiptavini er ennfremur skylt að veita bankanum ákveðnar upplýsingar í því sambandi. Uppfylli víðskiptavinnurinn kröfur Saga Fjárfestingarbanka

## Almennir skilmálar

skal hann undirrita sérstaka yfirlýsingu vegna kaupa á flóknum fjármálagerningum og verður sú yfirlýsing hluti af skilmálum þessum.

Saga Fjárfestingarbanka er heimilt að láta þriðja aðila, fyrir hönd Saga Fjárfestingarbanka, annast vörslu verðbréfa og annarra fjármuna viðskiptavinar, annast uppgjör viðskipta milli samningsaðila og sinna tengdum verkefnum sem falla undir skilmála þessa.

Saga Fjárfestingarbanka, og vörslu- og uppgjörsaðilum bankans, er heimilt að opna VS-reikninga í nafni viðskiptavinar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. (VBSI) eða annarri verðbréfamiðstöð hér á landi eða erlendis, sem og að opna bankareikninga hér á landi í nafni viðskiptavinar, vegna uppgjör viðskipta og tengdra verkefna sem falla undir skilmála þessa. Heimildin nær til þess að framkvæma eignskráningar, afhendingar og millifærslur á VS-reikningum og bankareikningum. Þá er Saga Fjárfestingarbanka heimilt að varðveita verðbréf viðskiptavinar á safnreikningi (safnkráning).

### 4. FRAMKVÆMD SAMNINGA OG SAMSKIPTI AÐILA

Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu á því gagnvart Saga Fjárfestingarbanka að einstakir samningar séu gerðir á grundvelli skilmála þessara. Samþykki starfsmanna bankans þarf fyrir gerð allra samninga og getur bankinn einhliða fallist á eða hafnað beiðni viðskiptavinar um viðskipti.

Bankinn hefur heimild til að krefjast allra þeirra gagna, upplýsinga eða trygginga sem bankinn telur nauðsynlega forsendu fyrir gerð samninga. Bankinn hefur einnig heimild til að meta hvort framlögð gögn og/eða upplýsingar teljist fullnægjandi.

Samningar geta komist á, og viðskiptavini er heimilt að beina fyrir mælum til Saga Fjárfestingarbanka, hvort sem er skriflega, með símtali, símbréfi og/eða með tölvupósti og eru skuldbindandi án tillits til forms þeirra. Samskipti skulu fara fram á íslensku hafi Saga Fjárfestingarbanki og viðskiptavinur ekki komist að samkomulagi um annað.

Viðskiptavini er heimilt að gefa Saga Fjárfestingarbanka öll þau fyrirmæli um viðskipti sem rúmast innan gildissviðs skilmála þessara sbr. grein 1. Viðskiptavinur skal senda beiðni um viðskipti til bankans með símbréfi, tölvupósti, á veraldarvefnum eða í gegnum síma. Allir samningar skulu staðfestir með rafrænni staðfestingu bankans á netfang sem viðskiptavinur tilgreinir við undirritun þessara skilmála. Viðskipti með afleiður, sem ekki eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði, skulu þó ávallt staðfest skriflega af báðum aðilum. Geri viðskiptavinur ekki

tafarlausa athugasemd við staðfestingu telst hann hafa samþykkt að viðskiptin séu í samræmi við það sem um var samið. Ef viðskiptavinur gerir athugasemd skal símbréf, tölvupóstur, beiðni á veraldarvefnum eða upptaka í síma gilda sem sönnun fyrir skilmálum viðskipta.

Skriflegir samningar um viðskipti með óskráðar afleiður, eru undirritaðir af bankanum og sendir til viðskiptavinar með tölvupósti. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að undirrita slíka samninga og senda með tölvupósti eða símbréfi til bankans innan tveggja daga frá því að samningar komust á. Frumrit undirritaðra samninga á pappírformi skulu send bankanum eigi síðar en 30 dögum frá því að samningar komust á eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.

Viðskiptavini er heimilt að veita þriðja aðila umboð til að gera samninga fyrir sína hönd, enda sé umboðið skriflegt og fullnægjandi að mati bankans. Umboðið skal hafa að geyma rithandarsýnishorn umboðsmanns og gilda þar til bankanum hefur borist skrifleg tilkynning um breytingu eða niðurfellingu þess eða það fellur úr gildi efni sínu samkvæmt. Umboðið skal innihalda þær upplýsingar sem bankinn telur fullnægjandi og vera staðfest af viðskiptavini, en stjórn hans ef hann er lögaðili.

Uppgjör viðskipta með skráð hlutabréf fara fram þremur bankadögum eftir að viðskiptin eru gerð (T+3), að frátöldum viðskiptum með skráð skuldabréf á Nasdaq OMX á Íslandi, þar sem uppgjör viðskipta fer fram næsta bankadag eftir að viðskiptin áttu sér stað (T+1). Að öðru leyti skal uppgjör viðskipta með verðbréf fara fram í samræmi við þær reglur sem gilda á viðkomandi verðbréfamarkaði þar sem viðkomandi verðbréfa er aflað eða þar sem þau hafa verið tekin til viðskipta, eigi viðskipti sér stað utan skipulegra verðbréfamarkaða.

### 5. SÍMAUPPTÖKUR

Til að tryggja öryggi viðskiptavinar og bankans og í því skyni að leiðrétta hugsanlegan misskilning, kunna símtöl viðskiptavinar við bankann að vera hljóðrituð, án þess að sérstaklega sé tilkynnt um slíkt í hvert sinn. Upptökurnar eru gerðar samkvæmt heimild í 48. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Með undirritun sinni á skilmála þessa samþykkir viðskiptavinur að slíkar hljóðritanir megi leggja fram í dómsmáli og/eða nota sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað samningsaðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta, t.d. að því marki sem bankinn þarf að afla hverju sinni til að meta þekkingu viðskiptamanns, reynslu, fjárhagslegan styrk, markmið með fyrirhugaðri fjárfestingu eða hæfi í skilningi laga um verðbréfi viðskipti. Að öðru leyti skal bankinn fara með upptökur símtala líkt

## Almennir skilmálar

og með aðrar upplýsingar er lúta bankaleynd, sbr. 58-60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Bankinn ber ekki ábyrgð á því ef hljóðritun símtala hefur ekki átt sér stað, enda óvíst að öll símtöl séu hljóðrituð.

### 6. TRYGGINGAR

Samkvæmt innri starfsreglum bankans getur bankinn krafist trygginga vegna einstakra viðskipta. Hafi trygginga ekki verið krafist vegna einstakra samninga, áskilur bankinn sér rétt til að gera slíka kröfu síðar. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að undirrita sérstakan *Samning um tryggingar* sem og handveðssamning, tryggingabréf eða önnur sambærileg skjöl eftir því sem við á.

### 7. ÞÓKNANIR, GJALDTAKA OG ANNAR KOSTNAÐUR

Saga Fjárfestingarbanki áskilur sér þóknunir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við gjaldskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma. Gjaldskrá Saga Fjárfestingarbanka er aðgengileg á vefslóðinni [www.sagabanki.is](http://www.sagabanki.is). Viðskiptavinur ber að greiða gjöld og þóknunir þegar þess er krafist og telst sá dagur gjalddagi ef ekki er um annað samið. Með undirritun sinni á skilmála þessa fellst viðskiptavinur á slíka gjalddöku og heimilur jafnframt að reikningur hans sé skuldfærður vegna þeirra, sem og vegna skatta og opinberra gjalda sem kunna að verða lögð á viðskipti hans sem falla undir skilmála þessa.

Þóknunir geta í ákveðnum tilfellum og samkvæmt samningi milli viðskiptavinar og Saga Fjárfestingarbanka verið hærri eða lægri en þóknunir í gjaldskrá Saga Fjárfestingarbanka.

Viðskiptavinur getur ávallt haft samband við Saga Fjárfestingarbanka og fengið nánari upplýsingar um gjöld og þóknunir hverju sinni.

### 8. HALDSRÉTTUR Í FJÁRMÁLAGERNINGUM

Ef krafa vegna viðskipta sem falla undir skilmála þessa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, hefur Saga Fjárfestingarbanki haldsrétt í þeim fjármálagerningum og því reiðufé sem er á vörslureikningi hans hjá bankanum á hverju sinni, fyrir greiðslum sem bankinn kann að eiga rétt á frá vörsluþega. Bankanum er heimilt að skuldfæra bankareikninga og selja þá fjármálagerninga sem hann á haldsrétt í vegna slíkra skulda, svo og vegna vaxta og kostnaðar vegna þeirra.

### 9. SKULDAJÖFNUN (NETTUN) SAMNINGA OG FRAMSAÐ

Um skuldajöfnun (nettun) í gjaldeyris- og verðbréfavíðskiptum, þ.m.t. afleiðusamningum og inn- og útlánun peningamarkaðslána, gilda eftirfarandi ákvæði:

- A. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund verðbréfa, getur bankinn krafist skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.
- B. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu getur bankinn engu að síður krafist skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur bankinn umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnunar kemur.
- C. Ef skuldbindingar viðskiptamanns, samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa, eru gjaldfelldar, sbr. 10. gr. (*Vanefndir og heimild bankans til að gjaldfella skuldbindingar viðskiptavinar*), getur bankinn beitt skuldajöfnun á kröfur samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig verði gert upp í einu lagi og þannig mismunur til greiðslu ef einhver er.

Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt 10. gr. (*Vanefndir og heimild bankans til að gjaldfella skuldbindingar*).

Krafa samkvæmt liðum A og B í þessari grein skal sett fram með minnst þriggja (3) bankadaga fyrirvara en þó samhliða tilkynningu um vanefnd samkvæmt lið C hér fyrir ofan.

Með samþykki þessara skilmála er kominn á samningur milli viðskiptavinar og bankans, í samræmi við V. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, um að skyldur viðskiptavinar og bankans samkvæmt samningum um afleiður skuli jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá verður tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. ákvæði 41. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Samningar sem gerðir eru á grundvelli skilmála þessa falla undir gildissvið laga nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir og skal bankanum heimilt að

## Almennir skilmálar

skuldajafna og fullnusta samninga gagnvart viðskiptamanni í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra nema með skriflegu samþykki Saga Fjárfestingarbanka.

### 10. VANEFNDIR OG HEIMILD BANKANS TIL AÐ GJALDFELLA SKULDBINDINGAR VIÐSKIPTAVINAR

#### 10.1. ÓVERULEGAR VANEFND

Vanefni viðskiptavinnur skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem vísa til skilmála þessara, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar.

#### 10.2. VERULEG VANEFND

Bankanum er heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella eða loka samningi og/eða samningum fyrirvaralaust þegar viðskiptavinur vanefnir skuldbindingar sínar verulega. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með mótstæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáætlu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðsgengi, markaðsvesti og kjör viðskiptavinnar á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.

Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd í þessum skilningi:

- A. Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja (2) bankadaga, sbr. grein 10.1. (*Óveruleg vanefnd*) hér að ofan.
- B. Ef viðskiptavinur er í öðrum vanskilum við bankann en þeim sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því vanskil hófust, eða er ítrekað í vanskilum við bankann.
- C. Ef viðskiptavinur brýtur gegn ákvæðum *Samnings um tryggingar eða öðrum samningum um tryggingarráðstafanir*.
- D. Ef undirritaðir og vottaðir skriflegir samningar hafa ekki borist bankanum á tölvupósti eða símbréfi innan tveggja (2) bankadaga frá dagsetningu samnings.
- E. Ef frumrit skriflegra samninga hafa ekki borist bankanum á pappír innan 30 daga frá dagsetningu samnings eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
- F. Ef (i) gert er fjárnám hjá viðskiptavini, (ii) viðskiptavinur óskar eftir greiðslustöðvun, (iii) gerir nauðasamninga, (iv) gerðir eru samningar

við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, (v) lögð er fram beiðni um gjaldprotaskipti viðskiptavinnar (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), (vi) beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinnar eða (vii) fjárhag viðskiptavinnar er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða þeim samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli þeirra.

- G. Ef viðskiptavinur er lögaðili og hefur vanrækt að tilkynna bankanum um ákvörðun um samruna, skiptingu félags í fleiri sjálfstæð félög eða breytingu á tilgangi félags, eða vanrækir upplýsingaskyldu sína samkvæmt 13. gr. (*Upplýsingaskylda og tilkynningaskylda viðskiptavinnar*).
- H. Ef viðskiptavinur veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við upphaf viðskipta eða tilkynnir ekki um breytingar á áður veittum upplýsingum eða upplýsingum sem áhrif geta haft á samninga milli aðila.

#### 10.3. TILKYNNINGAR

Saga Fjárfestingarbanki tilkynnir viðskiptavini um gjaldfellingu skuldbindingar hans eða lokun samnings/samninga vegna verulegra vanefnda. Bankinn getur sett fram tilkynningu þar að lútandi með símtali, tölvupósti eða símbréfi. Tilkynning skal talin send á réttan stað hafi hún verið send á tölvupóstfang eða símbréfsnúmer sem viðskiptavinur tilgreinir við undirritun þessara skilmála, nema sendanda sé greinilega ljóst að tilkynningin hafi ekki skilað sér. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn/símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti/símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi/símbréfstæki. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar viðskiptavinnar.

Viðskiptavinur skal tilkynna bankanum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum.

#### 10.4. AÐFERÐ VIÐ UPPGJÖR, VERÐMAT OG UMREIKNING

Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samninga annast bankinn útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinnar af viðeigandi samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga í samræmi við næstu málsgrein hér á eftir. Bankinn skal senda viðskiptavini þann útreikning eigi síðar en fimmtán (15) dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samninga, geri viðskiptavinur kröfu þess efnis.

Við mat á markaðsverðmæti skráðra fjármálagerninga skal miðað við lokaverð á viðkomandi markaði daginn áður en

## Almennir skilmálar

matið fer fram nema annað komi fram í samningi. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati bankans er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri viðskiptadaga og taka tillit til veltu verðbréfanna einstaka daga. Bankinn skal framkvæma verðmat á óskráðum fjármálagerningum og skal við það taka mið af því verði sem leiðandi fjármálafyrirtæki, sem eiga viðskipti við bankann með viðkomandi fjármálagerning, greiða fyrir þau.

Bankanum er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörssdegi nema annað komi fram í samningi.

### 10.5. DRÁTTARVAXTAÚTREIKNINGUR

Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu bankans frá og með gjalddaga eða eftir atvikum gjaldfellingardegi ef krafa er gjaldfelld fyrir umsaminn gjalddaga.

### 10.6. KRÖFUR Í ERLENDUM MYNTUM

Kröfur í erlendum myntum, sem ekki eru umreiknaðar í íslenskar krónur, skulu bera dráttarvexti sem eru sjö komma fimm prósentustigum (7,5 %) hærrí en þeir vextir sem samið var um í viðkomandi viðskiptum. Hafi verið samið um dráttarvexti í samningi um viðskipti skulu þó þau ákvæði gilda.

Beri krafan ekki samningsvexti, t.d. vegna þess að um staðgreiðsluviðskipti með verðbréf var að ræða, skulu dráttarvextir vera sem hér segir:

- I. Kröfur í evrum skulu bera eins mánaðar EURIBOR vexti eins og þeir ákvarðast hverju sinni, að viðbættu sjö komma fimm prósentustiga (7,5 %) vanefndaálagi, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með EURIBOR (European Inter Bank Offer Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í aðildarríkjum Evrópska myntbandalagsins eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í Brussel á EURIBOR01 síðu Reuter.
- II. Kröfur í öðrum erlendum myntum skulu bera eins mánaðar LIBOR vexti eins og þeir ákvarðast fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni, að viðbættu sjö komma fimm prósentustiga (7,5 %) vanefndaálagi, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters. Komi viðkomandi gjaldmiðill almennt ekki fram í vaxtatöflu BBA, skulu vextir taka mið af öðrum vöxtum á

millibankamarkaði eða gjaldmiðlaskiptamarkaði sem bankinn gefur upp hverju sinni.

### 10.7. KRÖFUR Í KRÓNUM

Kröfur í krónum eða kröfur sem umreiknaðar hafa verið í krónur samkvæmt þessari grein, skulu bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með gjalddaga til greiðsludags.

Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf (12) mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf (12) mánuðum eftir fyrsta dag vanskila, hvort sem hún er í krónum eða erlendri mynt.

## Almennir skilmálar

### 10.8. KOSTNAÐUR

Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar skuldbindur hann sig til að greiða Saga Fjárfestingarbanka allan kostnað sem bankinn leggur út vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða annars er bankanum ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá.

### 10.9. FULLNUSTUHEIMILDIR

Komi til þess að skuldbindingar viðskiptavinar séu gjaldfelldar eða samningum lokað, að hluta til eða öllu, er bankanum heimilt án frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett og eignum sem hann á haldsrétt í á vörslureikningum viðskiptamanns hjá bankanum eða vörslu- og uppgjörsaðilum bankans. Bankanum er í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem hafa verið settar eða haldlögðum eignum, eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

Bankanum er heimilt að leita fullnustu hvort heldur með því að láta selja hið veðsetta eða hið haldlagða nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að því marki sem þörf er á til að bankinn fái fullnaðargreiðslu, eða selja hið veðsetta eða hið haldlagða á markaði eða taka til sín hluti að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum bankans.

## 11. VIÐSKIPTI MEÐ ÓSKRÁÐAR AFLEIÐUR

Viðskiptavini er óheimilt að gera upp viðskipti með óskráðar afleiður fyrir gjalddaga nema um það sé sérstaklega samið. Afhending fjármálagerninga fer fram gegn greiðslu fyrir þá (e. delivery vs. payment).

Ef ákvæði laga, reglugerða, reglna, stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykka stjórnar viðskiptavinar takmarka heimildir hans til viðskipta með afleiður, s.s. vegna þess að hann er líffeyris- eða verðbréfasjóður, staðfestir stjórn viðskiptamanns að samningar um viðskipti með óskráðar afleiður séu heimilir, nema annað sé formlega tilgreint við undirritun samnings þessa eða síðar þegar slíkar takmarkanir taka gildi.

Ef undirliggjandi verðbréf í viðskiptum með óskráða afleiðu eru hlutabréf eða skuldabréf skulu eftirfarandi reglur gilda, eftir því sem við á, enda sé ekki um annað samið:

- A. **Útgáfa jöfnunarhluta:** Ákveði útgefandi undirliggjandi hlutabréfa að gefa út jöfnunarhluti á samningstímabilinu, þ.e. frá og með samningsdegi fram að lokadegi samnings, skal fjöldi hluta sem samningur hljóðar upp á, aukinn til samræmis við þá hlutfallslegu aukningu hluta sem á sér stað með útgáfu jöfnunarhluta.
- B. **Hækkun hlutafjár:** Ákveði útgefandi undirliggjandi hlutabréfa að hækka hlutafé og selja til hluthafa, skal sá samningsaðili sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi samnings (kaupandi hluta), eiga rétt á að skrá sig fyrir nýjum hlutum. Ef sá aðili er viðskiptavinur skal hann sjálfur eiga frumkvæði að því að óska eftir slíkri áskrift fyrir sína hönd, með nægjanlegum fyrirvara.
- C. **Lækkun hlutafjár:** Ákveði útgefandi undirliggjandi hlutabréfa að lækka hlutafé, þannig að lækkunarfénu verði varið til greiðslu til hluthafa, skulu þær greiðslur renna til þess samningsaðila sem á kröfu gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi samnings (kaupandi hluta). Greiðslan skal framreiknuð á grunnvöxtum LIBOR, EURIBOR eða REIBOR, eftir því í hvaða gjaldmiðli viðkomandi hlutabréf eru gefin út í, frá greiðsludegi hlutafjárins fram til lokadags. Framreiknuð fjárhæð lækkaðs hlutafjár skal koma til frádráttar skuldbindingu kaupanda hluta. Ef sá aðili er viðskiptavinur skal andvirði lækkunar hlutafjárins varðveitt af bankanum og notað til lækkunar á skuldbindingu hans gagnvart bankanum á lokadegi. Réttur viðskiptamanns til andvirðis lækkaðs hlutafjár fellur niður ef samningur er vanefndur á einhvern hátt af hans hálfu.
- D. **Arður/vextir/afborgun:** Ákveði útgefandi undirliggjandi hlutabréfa/skuldbréfa að greiða út arð, vexti eða afborgun (greiðslan) á samningstímabilinu, þ.e. frá og með samningsdegi fram að lokadegi samnings, skal greiðslan koma í hlut þess samningsaðila sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hlutabréfs/skuldbréfs á lokadegi samnings (kaupandi hluta). Slík greiðsla skal framreiknuð á grunnvöxtum LIBOR, EURIBOR eða REIBOR, eftir því í hvaða gjaldmiðli viðkomandi hlutabréf/skuldbréf eru gefin út í, frá greiðsludegi fram til lokadags. Framreiknuð fjárhæð skal koma til frádráttar skuldbindingu kaupanda hluta. Ef sá aðili er viðskiptavinur skal andvirði greiðslunnar varðveitt af bankanum og notað til lækkunar á skuldbindingu hans gagnvart bankanum á lokadegi. Réttur viðskiptamanns til greiðslunnar fellur niður ef samningur er vanefndur á einhvern hátt af hans hálfu.
- E. **Meðferð atkvæðisréttar:** Sá samningsaðili sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi samnings (kaupandi hluta), fer ekki með atkvæðisrétt þeirra hluta sem falla undir viðkomandi samning, nema samið sé um slíkt sérstaklega. Hafi viðskiptavinur samið um afhendingu atkvæðisréttar á samningsdegi eða á samningstímabilinu, skal hann sjálfur eiga frumkvæði að því að óska eftir að fara með atkvæðisréttinn hverju sinni, með nægjanlegum

## Almennir skilmálar

fyrirvara. Atkvæðisréttur fellur niður ef samningur er vanefndur á einhvern hátt.

Vextir reiknast ávallt á grundvelli A/360, nema ef skuld er í GBP og skal þá miðað við A/365. Vextir, aðrir en dráttarvextir í krónum, ákvarðast tveimur bankadögum fyrir upphaf vaxtatímabils.

Ef upphafleg skuldbinding viðskiptavinar er í erlendri mynt, skal upphaflegur höfuðstóll skuldbindingar hans umreiknaður yfir í íslenskar krónur, nema um annað sé samið. Uppgjör á kröfum í erlendri mynt skal umreiknað yfir í íslenskar krónur á lokadegi, nema um annað sé samið. Við útreikninga samkvæmt þessari málsgrein skal miðað við skráð kaupgengi eða sölugengi, eftir því sem við á, Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörssdegi nema annað komi fram í samningi.

### 12. ÁBYRGÐ Á SAMNINGUM, SKAÐLEYSISYFIRLÝSING

Með undirritun sinni á skilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að honum sé ljóst að þau viðskipti sem hann kann að eiga á grundvelli skilmála þessara geta verið sérstaklega áhættusöm. Viðskipti með óskráða fjármálagerninga eru auk þess mun áhættusamari en með skráða fjármálagerninga m.a. þar sem engar áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um útgefendur þeirra og seljanleiki og verðmyndun er að jafnaði minni en skráðra fjármálagerninga, sem leiðir til þess að lengri tíma getur tekið að koma óskráðum fjármálagerningum í verð og meiri óvissa fylgir verðlagningu þeirra. Þá getur verið mikil áhætta fólgin í afleiðuviðskiptum. Verðmæti fjárfestingar viðskiptavinar veltur t.d. á því verðflökti sem kann að vera á fjármálamörkuðum héraendis sem erlendis. Viðskiptavinur skal forðast að stunda viðskipti með fjármálagerninga ef hann er ekki meðvitaður um þá áhættu sem fylgir gerningunum og skal að fyrra bragði gera bankanum viðvart ef vafi leikur á vitneskju hans þar að lútandi.

Bankinn veitir ekki fjárfestingarráðgjöf um einstök viðskipti í skilningi 4. t.l. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir slíkri ráðgjöf að fyrra bragði og bankinn veiti formlega samþykki sitt fyrir því að veita slíka ráðgjöf. Viðskiptavinur ber því að afla sér fjárfestingaráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Óski viðskiptavinar eftir áliti starfsmanna bankans á tilteknum viðskiptum er áréttað að það álit sem starfsmenn bankans kunna að láta honum í té á grundvelli slíkrar beiðni er eingöngu byggt á skoðunum viðkomandi starfsmanns á þeim tíma og getur breyst án fyrirvara, en skal ekki skoðast sem aðstoð við val á fjárfestingakostum sem í boði eru hverju sinni. Nánari upplýsingar um þá áhættu

sem fylgir því að eiga viðskipti með mismunandi fjármálagerninga veita starfsmenn markaðsviðskipta Saga Fjárfestingarbanka og einnig er þær upplýsingar að finna í viðauka 2 við skilmála þessa.

Bankinn ber hvorki ábyrgð á að fjármálagerningar beri þá ávöxtun sem bankinn eða viðskiptavinur hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja fjármálagerninga eða gjaldeyri sem viðskiptavinur hefur óskað kaupa eða sölu á, á því verðbili er viðskiptavinur hefur óskað eftir.

Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að í viðskiptum bankans sem falla undir skilmála þessa felst hvorki viðskiptavakt né eignastýring. Af því leiðir að bankinn ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við bankann.

Hafi bankinn nýtt milligöngu þriðja aðila við framkvæmd viðskiptafyrirmæla viðskiptavinar, ber bankinn enga ábyrgð á athöfnum eða athafnaleysi þess aðila nema í þeim tilfellum sem bankinn hefur ekki gætt að eigin *Reglum um bestu framkvæmd* við val á slíkum aðila. Hafi bankinn nýtt milligöngu ákveðins aðila samkvæmt fyrirmælum frá viðskiptavini ber bankinn ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á athöfnum þess aðila eða athafnaleysi.

Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á meintu tjóni viðskiptavinar vegna lækkunar á gengi fjármálagerninga eða breytinga á gengisþróun í kjölfar gjaldfellingar, t.d. meints hagnaðar viðskiptavinar á gengisþróun, ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.

Þar sem markaðsaðstæður geta breyst verulega á skömmum tíma getur bankinn ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða beiðni viðskiptavinar um viðskipti á umbeðnu gengi. Bankinn ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að beiðni um viðskipti er afgreidd á óhagstæðara gengi en beiðni gerði ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina eða tæknilegra örðugleika sem upp koma við afgreiðslu á beiðni viðskiptavinar. Þetta ákvæði á þó einungis við í undantekningartilvikum þegar bankinn nær ekki að festa gengi tiltekinna viðskipta sem viðskiptavinur óskar eftir vegna örra breytinga á

## Almennir skilmálar

markaðsaðstæðum og þrátt fyrir eðlileg viðbrögð starfsmanna.

Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar gagnvart bankanum þannig að bankinn gengur að tryggingum eða beitir heimildum sínum til sölu trygginga eða gengur að þeim að öðru leyti, á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur kann að hafa gert ráð fyrir.

Verði lagður skattur eða opinber gjöld á viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld beint til viðkomandi yfirvalds þannig að bankinn fái að fullu greidda þá fjárhæð sem greiða skal til bankans samkvæmt viðkomandi samningi. Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir ef skattur eða opinber gjöld sem taka á af viðskiptamanni eru ekki tekin eða eru ranglega tekin.

Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og stafar af óviðráðanlegum atvikum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, yfirvofandi stríðsátökum, verkföllum, verkbönnum, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnarbanni.

Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, fjármálalegs, félagslegs, efnahagslegs eða tæknilegs eðlis, þ.á.m. vegna rofs á fjarskiptum, og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem bankinn veitir jafnvel þótt slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.

Saga Fjárfestingarbanki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum og tölvubúnaði bankans eða þjónustuaðila hans eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma, SWIFT eða símbréfstæki. Bankinn er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga, þjónustu eða aðgerðum þriðja aðila.

### 13. UPPLÝSINGASKYLDA OG TILKYNNINGAR BANKANS

Saga Fjárfestingarbanki sendir viðskiptavini rafræna staðfestingu á sérhverjum kaupum og sölu fjármálagerna og gjaldeyris sem gerð eru fyrir viðskiptavin, innan tíu (10) daga frá því að viðskiptin áttu sér stað. Bankinn sendir einnig viðskiptavini yfirlit einu sinni á ári. Óski viðskiptavinur eftir frekari yfirlitum eða staðfestingum eða á öðru formi, ber hann kostnað sem af

því hlýst. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir án tafa vegna staðfestingar eða innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu yfirlits, lítur bankinn svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttaðar og tilkynning send þess efnis.

Ef til gjaldfellingar samnings kemur eða viðskiptavinur vanefnir að greiða á gjalddaga, skal bankinn senda viðskiptavini tilkynningu um útreikning bankans á greiðsluskyldunni og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Senda skal tilkynninguna innan tuttugu og eins (21) dags frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

Saga Fjárfestingarbanki mun einu sinni á ári senda viðskiptavini yfirlit yfir þá þjónustu sem Saga Fjárfestingarbanki veitir honum. Yfirlitið mun m.a. geyma upplýsingar um kostnað við þjónustuna þar sem við á.

Saga Fjárfestingarbanki hefur sett sér *Stefnu um hagsmunaárekstra* þar sem gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli Saga Fjárfestingarbanka og viðskiptavinar annars vegar og milli viðskiptavina bankans hins vegar. Sjái Saga Fjárfestingarbanki fram á að ráðstafanir bankans muni ekki tryggja fyllilega að hagsmuna viðskiptavinar sé nægjanlega gætt, mun Saga Fjárfestingarbanki upplýsa viðskiptavininn um eðli og ástæður hagsmunaárekstrana áður en til frekari viðskipta verður stofnað milli bankans og viðskiptavinarins.

### 14. UPPLÝSINGASKYLDA OG TILKYNNINGAR VIÐSKIPTAVINAR

Með samþykki skilmála þessara skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að tilkynna bankanum þegar í stað:

- um öll fyrirbyggjandi eða fyrirsjáanleg vanefndatilvik samkvæmt skilmálum þessum og samningum þeim tengdum3, sbr. 10. gr. (*Vanefndir og heimild bankans til að gjaldfella skuldbindingar viðskiptavinar*).
- ef breytingar verða á áður veittum upplýsingum um hann, þar á meðal hvers konar upplýsingum eða forsendum sem leitt geta til breytinga á flokkun bankans á honum sem almennum fjárfesti, fagfjárfesti eða viðurkenndum gagnaðila.
- ef hann verður innherji eða fjárhagslega tengdur aðili samkvæmt XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti eða ef aðrar sambærilegar ástæður takmarka heimild

## Almennir skilmálar

viðskiptamanns til að eiga viðskipti með ákveðna fjármálagerninga.

Viðskiptavini er ljóst að til þess að uppfylla skilyrði sín samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti um mat á hæfi fjárfesta, er Saga Fjárfestingarbanka skylt undir vissum kringumstæðum að afla upplýsinga um fjárhagslega stöðu viðskiptavinar, reynslu af fjárfestingum, markmið með fjárfestingum o.fl. Saga Fjárfestingarbanka er jafnframt heimilt að byggja mat sitt á þeim upplýsingum sem bankinn fær frá viðskiptavini og bankinn mun ekki leggja sjálfstætt mat á það hvort að upplýsingar frá viðskiptamanni eru réttar eða ekki.

**Ef viðskiptavinur er lögaðili, skuldbindur hann sig til þess að senda bankanum,** auk þeirra gagna sem viðskiptavinur afhendir, samkvæmt 3. gr. (*Upphaf viðskipta*), endurskoðaðan ársreikning og öll árshlutauppgjör sem árituð eru af endurskoðanda, enda feli viðskiptin í sér lánaáhættu fyrir bankann. Þessi gögn skulu send um leið og þau liggja fyrir. Verði einhverjar þær breytingar á högum viðskiptamanns, hvort sem hann er einstaklingur eða lögaðili, þannig að gögn sem afhent eru í upphafi eiga ekki lengur við, t.d. ef skipt er um prókúruhafa, framkvæmdastjóra eða umboðsmann, skulu ný gögn lögð fram án tafa. Jafnframt skal viðskiptavinur tilkynna um aðrar breytingar sem áhrif geta haft á samninga milli aðila.

Við andlát viðskiptamanns, sem er einstaklingur, eða slit viðskiptamanns, sem er lögaðili, skal gera bankanum viðvart við fyrsta tækifæri og skal þar til bær aðili upplýsa bankann um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptamanns. Hafi bankinn ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns, teljast réttar auk þess sem bankanum er þá heimilt að gjaldfella og/eða loka samningum viðskiptamanns við bankann. Ber bankinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrir mælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi réttindi og skyldur viðskiptamanns eftir andlát/slit hans og ber bankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af því.

Ef viðskiptavinur er lögaðili og tekin er ákvörðun um að slíta félaginu, sameina það öðru félagi eða félögum, skipta því upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi þess þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félagsins í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild að félagi, er bankanum heimilt að segja upp öllum samningum sem í gildi eru milli bankans og viðskiptavinar, telji bankinn að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll, fjárhagsstöðu

eða getu viðskiptavinar til að standa við skuldbindingar sínar. Viðskiptavinur skal tilkynna bankanum án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfestur skal vera fimmtán (15) dagar frá því bankinn tilkynnir viðskiptavini um ákvörðun um að segja upp samningum viðskiptamanns við bankann. Allir samningar skulu með því falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar.

## 15. TRÚNAÐUR OG ÓHLUTDRÆGNI

Bankanum ber að gæta trúnaðar gagnvart viðskiptavini um öll viðskipti hans við bankann og önnur atriði er varða hag hans og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða til lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Samkvæmt reglum ýmissa ríkja getur bankanum verið skylt, að viðlagðri refsiaþbyrgð og missi atkvæðisréttar, að upplýsa um raunverulega eigendur hlutabréfa í almenningshlutafélögum hvort sem flöggunarmörkum er náð eða ekki. Óski viðskiptavinur eftir að eiga viðskipti á slíkum mörkuðum felst í slíkri ósk heimild til handa bankanum og vörsluaðilum hans, en ekki skylda, til að upplýsa viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað eða hlutaskrá um eignarhaldið.

Viðskiptavini er kunnugt um að bankinn getur sjálfur verið mótaðili í samningum eða einstökum viðskiptum en gerir sér jafnframt grein fyrir að bankanum er skylt að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavini í starfsemi sinni lögum samkvæmt og sjá til þess að hann njóti jafnræðis í viðskiptum varðandi öll atriði er máli skipta. Markaðsviðskipti bankans fyrir eigin reikning skulu á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna bankans. Einnig skal forðast að haga viðskiptum bankans með þeim hætti að þau gefi tilefni til að ætla að þau rekist á við hagsmuni viðskiptamanns. Viðskiptavini er í þessum efnun bent á *Verklagsreglur bankans um eigin viðskipti og Stefnu um hagsmunadrekstra*.

## 16. HEIMILD TIL VIÐSKIPTA

Með samþykki á skilmálum þessum veitir viðskiptavinur prókúruhöfum sínum, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra, hverjir sem þeir eru hverju sinni, svo og sérstaklega tilgreindum umboðsmönnum sínum, umboð til að eiga viðskipti við Saga Fjárfestingarbanka.

Viðskiptavini er heimilt að takmarka sérstaklega umboð prókúruhafa, fjármálastjóra, framkvæmdastjóra og umboðsmanns síns, enda sé það gert með skriflegum hætti til Saga Fjárfestingarbanka. Slík takmörkun öðlast þó

## Almennir skilmálar

ekki gildi fyrr en hún hefur sannanlega verið kynnt bankanum.

Leiki minnsti vafi á, að mati starfsmanna Saga Fjárfestingarbanka, á heimild eða umboði viðkomandi eða stöðu hans, er bankanum heimilt að neita að eiga viðskiptin þar til sýnt hefur verið fram á heimildir viðkomandi með fullnægjandi hætti.

Ef viðskiptavinur takmarkar ekki umboð prókúruhafa, fjármálastjóra, framkvæmdastjóra eða umboðsmanns síns, við ákveðin viðskipti, skal umboð ná til allra þeirra viðskipta og þjónustu sem bankinn býður uppá hverju sinni, þar með talið viðskipti með hvers kyns skráða og óskráða fjármálagerninga, þar með talið skiptasamninga og afleiðusamninga.

### 17. ÝMIS ÁKVÆÐI

Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum, sbr. t.d. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Rísi mál í tengslum við túlkun skilmála þessara, eða samninga gerðra á grundvelli þeirra, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Viðskiptavinur getur jafnframt lagt ágreining vegna túlkunar á skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki ef ekki hefur náðst að leysa úr ágreiningsefninu innan fjögurra vikna frá því að ágreiningsefnið var borið skriflega upp við bankann. Nánari upplýsingar um Úrskurðarnefndina er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins á vefslóðinni <http://fme.is/?PageID=314>.

Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða í samningi sem gerður er á grundvelli þeirra skulu ákvæði samningsins gilda. Undirritun skilmála þessara kemur ekki í veg fyrir að bankinn og viðskiptavinur undirriti ISDA rammasamning um afleiðuviðskipti ásamt viðaukum, eða aðra sambærilega rammasamninga. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði viðkomandi rammasamningsins ganga framur að því marki sem þau eru ósamrýmanleg ákvæðum skilmála þessara, enda ákveði aðilar ekki annað.

Saga Fjárfestingarbanki áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Þýðingarmiklar breytingar á skilmálum þessum verða tilkynntar skriflega til viðskiptavinar og er litið svo á að viðskiptavinur hafi fallist á ákvörðun bankans enda hafi skrifleg athugasemd viðskiptavinar ekki borist bankanum

innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu tilkynningar bankans.

Hafi viðskiptavinur gefið Saga Fjárfestingarbanka upp tölvupóstfang sitt er litið svo á að hann hafi samþykkt að vera tilkynnt um þýðingarmiklar breytingar á skilmálum þessum með tölvupósti. Aðrar breytingar verða taldar taka gildi frá og með þeim tíma sem þær eru birtar á heimasíðu Saga Fjárfestingarbanka á vefslóðinni [www.sagabanki.is](http://www.sagabanki.is) sem hefur ávallt að geyma nýjustu útgáfur skilmála og reglna Saga Fjárfestingarbanka. Breytingar á skilmálum þessum munu ekki hafa áhrif á gerninga sem gerðir eru, eða er lokið, fyrir þann tíma sem breytingarnar eru gerðar opinberar.

Óski viðskiptavinur eftir því að slíta viðskiptasambandi sínu við Saga Fjárfestingarbanka skal hann tilkynna bankanum um það skriflega og mun Saga Fjárfestingarbanki þá ljúka þeim viðskiptum og/eða gerningum sem gerð voru fyrir þann tíma sem tilkynningin barst bankanum. Við slit viðskiptasambands heimilar viðskiptavinurinn Saga Fjárfestingarbanka að gera upp allan ógreiddan kostnað viðskiptavinarins og skuldfæra af eignum hans í vörslu Saga Fjárfestingarbanka.

Skilmálar þessir eru staðlaðir fyrir alla viðskiptavini Saga Fjárfestingarbanka og verður því ekki breytt af hálfu viðskiptavinar. Áritanir, útstríkanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa því ekkert gildi gagnvart bankanum.

Fyrirsagnir í skilmálum þessum eru einungis til skýringar.

Í viðaukum með skilmálum þessum er að finna yfirlit um flokkum viðskiptavina (Viðauki 1), yfirlit um fjármálagerninga og áhættur (Viðauki 2) og Reglur Saga Fjárfestingarbanka um bestu framkvæmd viðskipta (Viðauki 3), sem viðskiptavinur hefur kynnt sér og samþykkt.

## VIÐAUKI 1

## Yfirlit yfir flokkun viðskiptavina

## 1. ALMENNIR FJÁRFESTAR

Viðskiptavinir sem flokkaðir eru sem almennir fjárfestar njóta fullrar verndar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í þessu felst að Saga Fjárfestingarbanki skal veita þeim greinargóðar upplýsingar um bankann; þá þjónustu sem bankinn býður upp á, þá fjárfestingakosti sem eru í boði, þá áhættu sem fylgir þeim og þau gjöld og þóknarir sem fylgja hverjum fjárfestingakosti.

Samþykki Saga Fjárfestingarbanki beiðni almenns fjárfesti um að veita honum þjónustu í formi fjárfestingaráðgjafar, eða óski almennur fjárfestir eftir því að bankinn hafi milligöngu um viðskipti með flókna fjármálagerninga, metur bankinn út frá þeim upplýsingum sem almenni fjárfestirinn veitir bankanum, hvort tilgreindir fjármálagerningar séu samrýmanlegir hagsmunum viðskiptavinarins. Við þetta mat er lagt mat á reynslu, þekkingu og fjárhagslegan styrk viðskiptavinar, auk markmiða með viðskiptunum.

Feli þjónusta Saga Fjárfestingarbanka í sér annars konar þjónustu tengda verðbréfavíðskiptum en fjárfestingaráðgjöf mun Saga Fjárfestingarbanki leggja mat á þekkingu og reynslu viðskiptavinar í því skyni að meta hvort að hann búi yfir nauðsynlegri vitneskju til að bera skynbragð á þá áhættu sem kann að fylgja viðskiptunum. Ekkert mat er þó lagt á viðskiptavin ef hann gefur bein fyrirsmæli um framkvæmd viðskipta með tiltekna einfalda fjármálagerninga.

Þá er vakin athygli á því að almennum viðskiptavinum er heimilt að óska eftir því við Saga Fjárfestingarbanka að verða flokkaðir sem fagfjárfestar. Almennum fjárfesti er heimilt að óska eftir slíkri breytingu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Við slíka flokkun afsala viðskiptavinir sér að hluta þeim réttindum og þeirri vernd sem þeir ella njóta samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Til þess að slík beiðni verði tekin til greina verða viðskiptavinir að veita Saga Fjárfestingarbanka ákveðnar upplýsingar um reynslu sína og þekkingu á verðbréfavíðskiptum, auk þess sem þeir þurfa að uppfylla ákveðin fjárhagslega skilyrði. Slík flokkun er ávallt háð samþykki Saga Fjárfestingarbanka.

Þeir fjármálagerningar sem almennum fjárfestum er heimilað að eiga viðskipti með hjá Saga Fjárfestingarbanka eru einfaldir fjármálagerningar. Til þess að eiga viðskipti með flókna fjármálagerninga, s.s. ýmsar gerðir

afleiðusamninga aðra en einfalda framvirka samninga, þarf viðskiptavinur að vera flokkaður sem fagfjárfestir almennt eða í einstökum viðskiptum.

## 2. FAGFJÁRFESTAR

Með fagfjárfestum er átt við þá viðskiptavini sem búa yfir nauðsynlegri sérfræðikunnáttu, reynslu og fjárhagslegum styrk lögum samkvæmt til að verða flokkaðir sem fagfjárfestar.

Í ljósi þess að Saga Fjárfestingarbanki veitir ekki fjárfestingaráðgjöf sem slíka nema í undantekningartilvikum, leggur bankinn almennt hvorki mat á reynslu, fjárhag, þekkingu og sérfræðikunnáttu fagfjárfesta né það hvort þeir geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um fjárfestingar sínar og metið þá áhættu sem þeim fylgir.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti teljast eftirtaldir vera fagfjárfestar:

1. *Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, s.s. fjármálaafyrirtæki, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóðir.*
2. *Stór fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði um efnahagsreikning, ársveltu og eigið fé.*
3. *Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir.*
4. *Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum.*
5. *Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli sérstakrar beiðnar þar um.*

Viðskiptavinir í þessum flokki geta óskað eftir því að vera færðir í flokk almennra fjárfesta og öðlast við það talsvert meiri vernd (samanber að framan). Að sama skapi geta fagfjárfestar óskað eftir því að vera færðir í flokk viðurkenndra gagnaðila og við það takmarkað þá vernd sem þeir njóta sem fagfjárfestar. Slík flokkun er háð mati og samþykki Saga Fjárfestingarbanka.

Þeir fjármálagerningar sem fagfjárfestum er heimilað að eiga viðskipti með eru einfaldir fjármálagerningar og flóknir fjármálagerningar, þ. á m. flóknari gerðir framvirkra samninga og annarra.

## 3. VIÐURKENNDUR GAGNAÐILI

## Almennir skilmálar

---

Þeir viðskiptavinir sem falla í flokk viðurkenndra gagnaðila njóta mjög takmarkaðrar verndar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Viðurkenndir gagnaðilar eru aðilar sem falla undir 1., 2. og 3. tl. skilgreiningar á fagfjárfestum. Á því er byggt að þeir hafi mestan fjárhagslegan styrk, reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu af öllum viðskiptavinum og þurfi þar af leiðandi ekki á þeirri vernd og leiðsögn að halda sem aðrir fjárfestar þarfnast.

Viðurkenndum gagnaðilum er heimilt að eiga víðskipti með allar tegundir fjármálagerninga.

Hafi viðskiptavinur áhuga á því að kanna möguleika sína á því að færa sig á milli flokka er honum bent á að hafa samband við starfsmenn bankans með tölvupósti á netfangið [vidskipti@sagabanki.is](mailto:vidskipti@sagabanki.is)

## VIÐAUKI 2

## Yfirlit yfir fjármálagerninga og áhættur

Hér er fjallað um þá áhættu sem fylgt getur verðbréfavíðskiptum og farið yfir helstu eiginleika fjármálagerninga og þá áhættuþætti sem þeim kunna að fylgja. Þessi umfjöllun er ekki tæmandi talning á öllum þeim áhættuþáttum sem tengjast fjárfestingum í fjármálagerningum. Tilgangurinn með yfirlitinu er að veita grunnupplýsingar þannig að viðskiptavinir geti gert sér grein fyrir helstu áhættuþáttum sem fylgja flestum fjárfestingum í fjármálagerningum. Með umfjöllun um áhættuþætti er Saga Fjárfestingarbanki að vara viðskiptavinum við þeirri áhættu sem fylgja kann viðskiptum með fjármálagerninga, og beinum við því þeim tilmælum til viðskiptavina að leita sér utanaðkomandi ráðgjafar til að móta fjárfestingarstefnu í samræmi við eignastöðu sína og markmið með fjárfestingum. Þegar fjárfestir leggur mat á það hvort að fjármálagerningur henti honum verður hann að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Hvort fjárfestir búi yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu á viðkomandi fjármálagerningi.
2. Hvort fjárfestir geri sér grein fyrir mismunandi áhættuþáttum sem fylgja mismunandi fjármálagerningum.
3. Hvort fjárfestir geti metið og skilið utanaðkomandi þætti sem geta haft áhrif á þá fjármálagerninga sem hann á viðskipti með.

Fjármálagerningar fela í sér mismunandi áhættur og er því mikilvægt að fjárfestar kynni sér eðli, eiginleika, uppbyggingu og áhættuþætti þeirra fjármálagerninga sem hann hyggst eiga viðskipti með.

## A. HLUTABRÉF

Hlutabréf er skírteini fyrir réttindum hluthafa í hlutafélagi. Hlutabréf kunna að vera gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

## ÁHÆTTUÞÆTTIR HLUTABRÉFA

## 1) FJÁRFESTINGARÁHÆTTA

Hluthafi leggur fram hlutfé og með því gerist hann einn af eigendum félagsins. Flestum, en ekki öllum, flokkum hlutabréfa fylgir atkvæðisréttur sem veitir hluthafa rétt til að mæta á hluthafafundi og taka þátt í ákvörðunum og átt hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutafélagsins. Af þeim sökum er ekki auðvelt að spá nákvæmlega fyrir um hagnað eða tap af slíkri fjárfestingu. Fyrirtækið sem gaf út hlutabréfin

gæti orðið gjaldþrota og öll fjárhæðin sem fjárfest var fyrir gæti glatast.

## 2) ÁHÆTTA AF VERÐMÆTI HLUTABRÉFA

Verðmæti hlutabréfa getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti, sem eykur hættu á tapi. Þannig geta skipst á gengishækkunir og -lækkunir til skamms tíma, meðallangs tíma og langs tíma án þess að hægt sé að spá fyrir um tímalengd sveiflnanna. Greinamunur er gerður á almennri markaðsáhættu og þeirri áhættu sem tengist félaginu sjálfu. Báðir áhættuþættir geta haft áhrif á gengisþróun hlutabréfa.

## 3) ARÐGREIÐSLUÁHÆTTA

Arður sem fylgir hlut veitur aðallega á hagnaði félagsins sem gaf út hlutabréfin. Ef hagnaður félagsins er lítill, eða ef það er rekið með tapi, geta arðgreiðslur minnkað eða fallið niður. Engin trygging er fyrir arðgreiðslum af hlutabréfum.

## B. SKULDABRÉF

Skuldabréf er fjármálagerningur þar sem útgefandinn heitir að greiða eiganda bréfsins tiltekna vaxtafjárhæð yfir tiltekið tímabil og greiða síðan lánið á gjalddaga. Skuldabréf getur verið gefið út á handhafa eða skráð á eiganda. Við útgáfu svarar nafnverð skuldabréfs til brots af heildarfjárhæð lánsins. Vaxtagreiðslur af skuldabréfum geta verið fastar eða breytilegar og skuldabréf getur verið tengt tiltekinni vísitölu. Lánstími og greiðsluskilmálar eru ákveðnir fyrirfram og geta verið mjög mismunandi. Kaupandi skuldabréfs (lánveitandi) á kröfu á hendur útgefanda (skuldara).

## ÁHÆTTUÞÆTTIR SKULDABRÉFA

## 1) GJALDFÆRNISÁHÆTTA

Útgefandi skuldabréfsins gæti orðið ófær um að greiða skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfinu. Þeir þættir sem haft geta áhrif á gjaldfærni útgefanda eru m.a. þróun efnahagsmála og landsmála í þeim geira og þeim löndum sem útgefandi er með starfsemi í, breytingar á lánshæfismati útgefanda, ásamt rekstraráhættu af starfsemi útgefanda. Ef t.a.m. sjóðstreymi hans versnar getur það haft bein áhrif á gengi þeirra fjármálagerninga sem hann gefur út.

## 2) VAXTAÁHÆTTA

Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að kaupandi skuldabréfs með föstum vöxtum tekur áhættu á að vextir hækki og þar með lækki gengi bréfanna. Því lengri sem lánstíminn er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta.

## Almennir skilmálar

### 3) ÁHÆTTA AF UPPGREIDSLU

Í skuldabréfinu kann að vera ákvæði sem heimilar útgefanda þess að endurgreiða eiganda skuldabréfsins fjárhæð þess ef markaðsvextir lækka. Því kann raunveruleg ávöxtun að vera minni heldur en áætluð ávöxtun, sér í lagi ef vaxtastig fer lækkandi.

### 4) ÁHÆTTA TENGD ÓLÍKUM TEGUNDUM SKULDABRÉFA

Viðbótaráhætta kann að tengjast sumum tegundum skuldabréfa, t.a.m. bréfum með breytilegum vöxtum (floating rate notes og reverse floating rate notes), vaxta- og afborganalausum skuldabréfum (zero coupon bonds), erlendum skuldabréfum, breytanlegum skuldabréfum, vísitölutryggðum skuldabréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl. Að því er varðar skuldabréf af þessum toga ættu fjárfestar að kynna sér áhættu þeirra með því að fara yfir útbodslýsingar þeirra og kaupa ekki slík bréf fyrr en þeir eru fullvissir um að þeir hafi skilning á allri áhættunni sem þeim fylgja.

## C. AFLEIÐUR

Afleiða er fjármálagerningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu undirliggjandi verðmæta samningsins. Hið undirliggjandi verðmæti er t.a.m. verðbréf, markaðsvísitala, vaxtastig, gjaldmiðill, hráefnisverð eða annað verðmæti.

### Afleiðuviðskipti skiptast í þrjá meginflokka:

1) VALRÉTTARSAMNINGAR, þar sem handhafi á rétt á að eiga viðskipti með tiltekin verðbréf. Seljanda valrættarins ber skylda til þess að efna samninginn meðan kaupanda valrættarins er frjálst að nýta rétt sinn samkvæmt samningnum eða ekki.

2) FRAMVIRKIR SAMNINGAR, þar sem aðilar gera með sér viðskiptasamning sem er efndur á tilteknum degi í framtíðinni. Þegar um er að ræða framvirkan samning skuldbinda aðilar sig til þess að efna viðskiptasamninginn samkvæmt skilmálum hans, á tilgreindum degi.

3) SKIPTASAMNINGAR, þar sem aðilar samþykkja að inna af hendi mismunandi greiðslur hvor til annars, t.d. á grundvelli fastra eða breytilegra vaxta (vaxtaskiptasamningar), eða skiptast á nánar tilteknum eignum, t.d. mismunandi gjaldmiðlum (gjalddeyriskiptasamningar).

### 1) VALRÉTTARSAMNINGAR

Valrættarsamningar eru afleiðusamningar sem breytast að verðmæti í hlutfalli við verðgildi undirliggjandi eignar. Kaupandi valrættarins greiðir seljanda valrættarins valrættargjald og öðlast kaupandi valrættarins rétt til að kaupa eða selja undirliggjandi eign valrættarsamningsins

fyrir ákveðið grunnverð á lokadegi samningsins eða á tilteknu tímabili.

Kaup á valrættarsamningi felur í sér minni áhættu en sala slíkra samninga vegna þess að ef verðþróun hinnar undirliggjandi eignar er óhagstæð fyrir fjárfesti getur hann ákveðið að nýta sér ekki valrættinn. Hámarkstap fjárfestisins er því valrættargjaldið ásamt þóknunum.

Sala á valrættarsamningnum felur í sér meiri áhættu en kaup á slíkum samningi. Sá sem selur gæti þurft að leggja fram tryggingar til að viðhalda stöðu sinni og gæti þurft að þola tap umfram það verð sem fæst fyrir samninginn. Við sölu skuldbindur fjárfestir sig til að kaupa eða selja hina undirliggjandi eign ef kaupandi valrættarins nýtir sér samninginn. Sala á valrættarsamningnum er einungis við hæfi fagfjárfesta og þá aðeins eftir að hafa kynnt sér ákvæði og áhættur slíkra samninga.

## 2) FRAMVIRKIR SAMNINGAR

Framvirkur samningur kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign á fyrirfram ákveðnu verði á fyrirfram ákveðnum tíma. Framvirkir samningar eru einnig oft gerðir upp í reiðufé. Framvirkir samningar geta verið áhættusamir, sérstaklega í ljósi þess að fjárfestir þarf oft ekki að leggja fram nema hluta þeirrar fjárhæðar sem fjárfest er fyrir. Slík skuldsetning þýðir að lítil hreyfing í verði hinnar undirliggjandi eignar getur haft hlutfallslega mikil áhrif á verðmæti samningsins með áhrifum til hækkunar eða lækkunar á höfuðstól fjárfestis. Um fjárfestingu í framvirkum samningum gilda ákveðnir skilmálar meðal annars um tryggingaþörf og tryggingaköll sem fjárfesti er ráðlagt að kynna sér áður en að fjárfest er.

### ÁHÆTTUÞÆTTIR FRAMVIRKRA SAMNINGA

#### 1) BREYTING Á VIRÐI SAMNINGSINS EÐA UNDIRLIGGJANDI EIGNAR

Hvað sem líður hækkun á verði samnings eða undirliggjandi eignar, þarf seljandi samkvæmt framvirkum samningi að afhenda hina undirliggjandi eign á því verði sem samið var um í upphafi, sem kann að vera mun lægra en markaðsverð á uppgjörsdegi. Fyrir þann sem selur, er áhættan jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á uppgjörsdegi. Þar sem markaðsvirðið getur, frá fræðilegu sjónarmiði, hækkað endalaust, er hugsanlegt tap seljandans takmarkalaust og getur farið langt fram úr tryggingarmörkum. Ef virði samningsins eða undirliggjandi eignar lækkar þarf kaupandi samkvæmt framvirkum samningi engu að síður að taka við eigninni á því verði sem samþykkt var í samningnum, sem gæti verið mun hærra en gildandi markaðsvirði. Fyrir þann sem selur, er áhættan þess vegna jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á

## Almennir skilmálar

afhendingartíma. Þannig er hámarkstap kaupanda upphaflega umsamið verð. Tapið getur hins vegar farið langt fram úr tryggingarmörkum. Viðskiptin eru verðmetin með reglubundnum hætti (uppfærð til markaðsverðs – mark to market). Fjárfestirinn þarf að hafa stöðugan aðgang að fullnægjandi tryggingum. Ef tryggingin verður ófullnægjandi á samningstíma framvirks samnings verður krafist viðbótartryggingar frá fjárfestinum með litlum fyrirvara. Ef fjárfestirinn sinnir því ekki getur samningnum verið lokað fyrir lok samningstímans. Þá geta umfangsmiklar og fyrirvarlausar breytingar á markaði leitt til þess að fjárfestir tapi þeim tryggingum sem hann hefur lagt fram.

### 2) ERFITT EÐA ÓMÖGULEGT AÐ SELJA

Til þess að koma í veg fyrir óhóflegar verðsveiflur, kann skipulegur verðbréfamarkaður að setja mörk fyrir tiltekna samninga. Fjárfestir þarf að hafa hugfast að það kann að vera afar erfitt, ef ekki beinlínis ómögulegt um tíma, að selja samninginn við slíkar aðstæður og því ætti fjárfestirinn að spyrjast fyrir um slík mörk. Ekki verður alltaf hægt (eftir markaðnum og eftir skilmálum viðskiptanna) að selja samninga hvenær sem er til þess að forðast áhættu eða minnka áhættu af yfirstandandi viðskiptum og sumir framvirkir samningar eru alls ekki framseljanlegir. Ef hægt er að eiga viðskipti til þess að stöðva tap, kann að vera að það sé einungis hægt á skrifstofutíma. Slík viðskipti leyfa ekki að tap sé takmarkað við tilgreinda fjárhæð, en þau eru gerð um leið og fjárhæðarmörkunum er náð.

### 3) SKIPTASAMNINGAR

Skiptasamningar eru samningar utan skipulegs verðbréfamarkaðar sem kunna að vera staðlaðir eða samið um sérstaklega milli kaupanda og seljanda.

#### EIGINLEIKAR SKIPTASAMNINGA

**ÁVÖXTUNARKRAFA:** vaxtagreiðslur, (annað hvort fastar – fastar, breytilegar – breytilegar, eða fastar – breytilegar), arðgreiðslur, gengisbreytingar gjaldmiðla og hlutabréfa.

**LÍFTÍMI:** til skamms tíma eða jafnvel til nokkurra ára.

**HÖFUÐSTÓLL:** ef samningurinn er í sömu mynt er um að ræða sýndarskipti (notional swap). Ef um er að ræða tvo gjaldmiðla, er yfirleitt um að ræða skipti á gjaldmiðlum í upphafi og í lok skiptasamningsins.

**VEXTIR:** fara eftir skilmálum skiptasamningsins; t.d. fastir vextir allan lánstímann eða breytilegir vextir, sem oft eru tengdir markaðsvöxtum (t.d. LIBOR eða EURIBOR).

Sjóður um sameiginlega fjárfestingu, sem rekinn er af rekstrarfélagi, safnar framlögum frá tilteknum fjölda fjárfesta og endurfjárfestir samkvæmt grundvallarreglum um áhættudreifingu og gerir fjárfestum sínum þannig kleift að njóta afrakstursins af fjárfestingum sínum. Fæstir þessara sjóða gefa út hlutabréf til hluthafa í þessum sjóðum því flestir sem leggja fram fé til slíkra sjóða fá afhent hlutdeildarskírteini sem svarar til þeirrar upphæðar sem þeir lögðu í sjóðinn.

#### EIGINLEIKAR SJÓÐA UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

**OPNIR SJÓÐIR:** Heildarfjárhæð þeirra er ekki fyrirfram ákveðið, sem þýðir að fjöldi eininga og þátttakenda er ekki ákveðinn. Sjóðurinn getur gefið út fleiri einingar eftir eftirspurn og getur einnig innleyst einingar. Sjóðnum er skylt að innleysa einingar á tilgreindu innlausnarvirði og samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

**LOKAÐIR SJÓÐIR:** Heildarfjárhæð slíkra sjóða er óbreytt nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að breyta því. Ólíkt opnum sjóðum er ekki innlausnarskylda á einingum í lokuðum sjóðnum. Aðeins má eiga viðskipti með einingar við þriðja aðila eða, í sumum tilvikum, á skipulegum verðbréfamarkaði.

#### ÁHÆTTUÞÆTTIR SJÓÐA UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

##### 1) STJÓRNUNARÁHÆTTA

Ávöxtun eininga í sjóði um sameiginlega fjárfestingu veltur m.a. á hæfni og ákvarðanatöku stjórnenda sjóðsins og getur röng ákvarðanatöku því leitt af sér tap.

##### 2) HÆTTA Á GENGISFALLI EININGA

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu fela í sér áhættu á gengisfalli og endurspeglar fallið lækun á gengi verðbréfa, gjaldmiðla eða annarra eigna sem mynda eignasafn sjóðsins. Því meiri sem eignadreifing sjóðsins er, því minni hættu er á tapi. Því er mikilvægt að gefa gaum að þeim almennu og sértæku áhættuþáttum sem fylgja þeim fjármálagerningum og gjaldmiðlum sem mynda sjóðinn. Fjárfestar geta m.a. aflað upplýsinga um sjóði með því að lesa lýsingar þeirra.

## D. SJÓÐIR UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

## VIÐAUKI 3

# Reglur Saga Fjárfestingarbanka um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

## 1. ALMENNT

### 1.1 LAGAGRUNDVÖLLUR

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. og 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, samanber einnig 6. gr. sömu laga.

### 1.2 MARKMIÐ

Markmið reglna þessara er að tryggja að viðskiptavinir Saga Fjárfestingarbanka hljóti bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla þeirra, eins og hugtakið er skýrt í 3. gr. reglna þessara.

Reglur þessar tilgreina þá markaði sem Saga Fjárfestingarbanki framkvæmir viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna á, enda óski viðskiptavinir ekki eftir sérstakri framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Í reglunum eru jafnframt settar fram þær forsendur sem starfsmenn Saga Fjárfestingarbanka byggja á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

## 2. GILDISSVIÐ

### 2.1 ALMENNT

Reglur þessar gilda um framkvæmd viðskiptafyrirmæla viðskiptavina Saga Fjárfestingarbanka.

Reglum þessum er ætlað að uppfylla þær skyldur og kröfur sem hvíla á Saga Fjárfestingarbanka samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Reglurnar skulu ekki túlkaðar á þann hátt að í þeim felist loforð eða skuldbinding Saga Fjárfestingarbanka umfram það sem krafist er samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

### 2.2 FAGFJÁRFESTAR OG ALMENNIR FJÁRFESTAR

Reglur þessar eiga ekki við um víðskipti við viðurkennda gagnaðila eins og það hugtak er skilgreint í 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti og njóta þeir því ekki þeirrar verndar sem í reglunum felst.

## 2.3 FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA-SKILGREINING

Með framkvæmd viðskiptafyrirmæla er átt við að Saga Fjárfestingarbanka:

- framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar;
- móttækur og miðlar fyrirmælum frá viðskiptavini

og viðskiptavinur treystir á Saga Fjárfestingarbanka til að gæta hagsmuna sinna með tillit til verðs, hraða og annarra þátta við slíka framkvæmd.

Undanskilin reglum þessum eru víðskipti viðskiptavinar sem eiga sér stað á grundvelli verðs sem rekja má til þess að Saga Fjárfestingarbanki birtir „tilboðsverð“ eða óskar eftir „tilboðsverði“ fyrir víðskiptavin.

Undanskilin eru ennfremur víðskipti viðskiptavinar og Saga Fjárfestingarbanka þar sem víðskiptavinur er gagnaðili Saga Fjárfestingarbanka og Saga Fjárfestingarbanki á víðskiptin fyrir eigin reikning og víðskiptin komast á með samningaviðræðum aðila.

## 2.4 VIÐSKIPTI MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

Reglurnar ná til allra tegunda fjármálagerninga eins og það hugtak er skilgreint í 2. tl. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Reglurnar ná ennfremur til víðskiptafyrirmæla almennra fjárfesta og fagfjárfesta, mismunandi markaða og mismunandi fyrirmæla.

Í reglunum er hins vegar ekki tæmandi talning á öllum þeim þáttum sem litið er til við framkvæmd víðskiptafyrirmæla og hvernig þau eru metin í hverju tilviki fyrir sig, heldur er mörkuð ákveðin stefna um framkvæmd fyrirmæla og bestu framkvæmd, til upplýsingar fyrir víðskiptavini Saga Fjárfestingarbanka.

## 3. BESTA FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

### 3.1 ALMENNT

Með bestu framkvæmd víðskiptafyrirmæla í reglum þessum er átt við skyldu Saga Fjárfestingarbanka til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir víðskiptavini sína í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Saga Fjárfestingarbanki mun leita allra skynsamlegra leiða í samræmi við lög og reglur og stefnu þessa til að tryggja víðskiptavininum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd víðskiptafyrirmæla.

### 3.2 ÞÆTTIR SEM LITIÐ ER TIL OG VÆGI ÞEIRRA

Besta mögulega niðurstaða víðskiptavina Saga Fjárfestingarbanka skal tryggð að teknu tilliti til verðs,

## Almennir skilmálar

kostnaðar, hraða, líkinda á því að af viðskiptunum verði, umfangs og eðlis viðskipta og annarra þátta sem máli skipta (e. execution factors). Að öðru leyti hefur verð í viðskiptum að öllu jöfnu mest vægi við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu. Í sumum tilvikum er þó mögulegt að aðrir þættir en verð séu mikilvægari við að tryggja bestu niðurstöðu, s.s. vegna tiltekinna aðstæðna, viðskiptavinar, fyrirmæla hans, fjármálagerninga sem um ræðir eða markaða. Við slíkt mat er litið til flokks viðkomandi viðskiptavinar, tegundar fjármálagernings, eðlis fyrirmælanna og eðlis þeirra markaða þar sem framkvæma má viðskiptafyrirmælin.

### 3.3 ÞÆTTIR SEM LITIÐ ER TIL OG VÆGI ÞEIRRA – ALMENNIR FJÁRFESTAR

Þegar viðskiptavinur er almennur fjárfestir hefur heildargreiðsla viðskiptavinar almennt mest vægi, þar með talið það verð sem fæst í viðskiptunum, sá viðskiptakostnaðar sem af hlýst, bæði þóknarir vegna greiðslujöfnunar og uppgjör. Það þýðir að aðrir þættir eins og hraði, líkindi á því að af viðskiptum verði og umfang viðskipta, fá einungis meira vægi við framkvæmd viðskiptafyrirmæla þar sem það verður talið veita viðskiptavini betri niðurstöðu.

### 3.4 FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Beini viðskiptavinur ekki ákveðnum fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til Saga Fjárfestingarbanka, verða viðskiptafyrirmæli framkvæmd með eftirfarandi hætti eða samtvinnum á eftirfarandi þáttum:

- með viðskiptum við Saga Fjárfestingarbanka sem gagnaðila, enda telji Saga Fjárfestingarbanki slík viðskipti veita viðskiptavini að minnsta kosti jafngóða niðurstöðu og aðrar leiðir sem taldar eru að neðan;
- með því að senda fyrirmælin þegar í stað til viðkomandi markaðar<sup>1</sup>;
- með því að framkvæma fyrirmælin með nokkrum viðskiptafærslum á mörkuðum;
- með því að láta fyrirmæli eins viðskiptavinar mæta fyrirmælum annars á verði sem svarar til markaðsverðs;
- utan markaða með viðskiptum við þriðja aðila;

<sup>1</sup> Með markaði í stefnu Saga Fjárfestingarbanka um bestu framkvæmd átt við skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga, innmiðlara og viðskiptavaka inn EES svæðisins og sambærilega aðila utan EES svæðisins.

- með viðskiptum fyrir milligöngu þriðja aðila sem Saga Fjárfestingarbanki hefur gert samning við um að framkvæmi viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á viðkomandi markaði, enda sé Saga Fjárfestingarbanki ekki aðili að þeim markaði.

### 3.5 BESTA NIÐURSTAÐA MIÐAÐ VIÐ AÐSTÆÐUR

Þrátt fyrir að leitað verði allra skynsamlegra leiða til að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavin miðað við þau úrræði og aðstæður sem til staðar eru á hverjum tíma, þá er ekki hægt að tryggja að í öllum tilvikum verði um að ræða bestu mögulegu niðurstöðu. Fari starfsmenn Saga Fjárfestingarbanka eftir reglum þessum í einu og öllu skal þó talið að Saga Fjárfestingarbanki hafi fullnægt skyldu sinni um að tryggja viðskiptavininum sínum bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

### 3.6 VIÐSKIPTAVINUR MÆLIR FYRIR UM ÁKVEÐNA FRAMKVÆMD

Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla (til að mynda með aðgangi viðskiptavinar að Nasdaq OMX á Íslandi og fyrirmælum hans í gegnum kerfið „Saga Trader“ samkvæmt samningi Saga Fjárfestingarbanka og viðskiptavinar þar um eða með framlagningu tilboðs á „Saga Market“) munu viðskiptin vera framkvæmd í samræmi við slík fyrirmæli hans.

**Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að þegar hann mælir fyrir um ákveðna framkvæmd getur Saga Fjárfestingarbanki ekki og mun ekki gæta að öllum þeim þáttum sem taldir eru í verklagsreglum þessum til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.**

## 4. MEGINREGLUR UM FRAMKVÆMD

Fyrirmælum viðskiptavina skal framfylgt á sanngjarnan hátt og eins skjótt og mögulegt er. Fyrirmæli viðskiptavina eru að öllu jöfnu framkvæmd án tafar og í þeirri röð sem þau berast, nema aðstæður séu því til fyrirstöðu eða ef talið er að hagstæðara sé fyrir viðskiptavin að fyrirmæli séu framkvæmd á annan hátt.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti ber Saga Fjárfestingarbanka að stuðla að því, þegar um er að ræða skilyrta pöntun sem ekki er framkvæmd jafnskjótt og hún berst, að birta hana samstundis á viðeigandi markaði svo hún verði aðgengileg öðrum markaðsaðilum til afgreiðslu, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað. Með undirritun sinni á samþykki það sem fylgir verklagsreglum þessum telst viðskiptavinur hafa samþykkt að Saga Fjárfestingarbanki meti hvort og hvenær birta eigi slíkar pantanir.

## 5. MARKAÐIR

### 5.1 FRAMKVÆMD FYRIRMÆLA Á MARKAÐI

Það er meginregla að fyrirmæli séu framkvæmd á skipulegum verðbréfamörkuðum, enda er verðlagning verðbréfa og kostnaður á þeim alla jafna gegnsæ, viðskiptin ganga hratt fyrir sig og meiri líkur á að samningar náist en utan slíkra markaða. Saga Fjárfestingarbanki er aðili að Nasdaq OMX á Íslandi, og getur fyrir milligöngu annarra fjármálafyrirtækja framkvæmt fyrirmæli viðskiptavina á verðbréfamörkuðum viðsvegar um heiminn.

Ef hægt er að eiga viðskipti með fjármálagerning á öðrum markaði en Nasdaq OMX á Íslandi kann Saga Fjárfestingarbanki að velja þann markað ef Saga Fjárfestingarbanki telur að það muni leiða til betri niðurstöðu fyrir viðskiptavin. Þetta á fyrst og fremst við ef meiri viðskipti eru með viðkomandi fjármálagerning á öðrum markaði en Nasdaq OMX á Íslandi og verður þá almennt sá markaður fyrir valinu þar sem mest viðskipti eiga sér stað.

Við val á mörkuðum fer fram eðlilegt mat á því hvað hentar viðskiptavini best við framkvæmd viðkomandi viðskiptafyrirmæla. Þá er einnig litið til annarra þátta sem kunna eiga við, svo sem áreiðanleika markaðar, möguleika á að afgreiða flókna fjármálagerninga þar, gæða og annarra atriða. Þegar aðeins einn markaður kemur til greina við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er litið svo á að reglur þessar hafi verið uppfylltar með framkvæmd viðskipta á honum.

Lista yfir þá markaði sem Saga Fjárfestingarbanki framkvæmir almennt viðskiptafyrirmæli á er að finna í viðauka við stefnu þessa. Saga Fjárfestingarbanki telur að með því að framkvæma viðskiptafyrirmæli á þessum mörkuðum náist almennt besta mögulega niðurstaða fyrir viðskiptavini. Listinn er ekki tæmandi og Saga Fjárfestingarbanki áskilur sér rétt til að nota aðra markaði enda sé framkvæmdin að öðru leyti í samræmi við reglur þessar.

Saga Fjárfestingarbanki mun reglulega endurskoða framangreindan lista og viðauka þessara reglna í samræmi við endurskoðun hverju sinni. Nýjustu útgáfu reglnanna hverju sinni er að finna á heimasíðu Saga Fjárfestingarbanka, [www.sagabanka.is](http://www.sagabanka.is) Saga Fjárfestingarbanki mun ekki senda út sérstaka tilkynningu til viðskiptavina verði breyting á listanum og er það á ábyrgð viðskiptavinar að kynna sér listann hverju sinni.

### 5.2 FRAMKVÆMD FYRIRMÆLA UTAN MARKAÐA

Þrátt fyrir þá meginreglu sem sett er fram í grein 5.1 kann Saga Fjárfestingarbanki að meta aðstæður svo að betri niðurstaða fáist við framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða.

Slíkar aðstæður eiga fyrst og fremst við þegar um er að ræða stór viðskipti, sem eru stærri en almennt gengur og gerist í viðskiptum með viðkomandi verðbréf. Starfsmenn Saga Fjárfestingarbanka skulu meta það heildstætt hvort hagfelldara sé að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan markaða en á markaði.

Hjálagt samþykki viðskiptavinar gerir ráð fyrir að viðskiptavinur samþykki sérstaklega að Saga Fjárfestingarbanki framkvæmi viðskiptafyrirmæli almennt í samræmi við reglur bankans utan markaða.

### 5.3 FRAMKVÆMD FYRIRMÆLA Á ÖÐRUM MÖRKUÐUM

Fái Saga Fjárfestingarbanki viðskiptafyrirmæli um fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem Saga Fjárfestingarbanki er ekki aðili að (þ.m.t. markaði utan EES) mun Saga Fjárfestingarbanki framkvæma slík fyrirmæli með því að miðla þeim, á grundvelli samnings þar að lútandi, til milliliða sem eru aðilar að eða hafa aðgang að viðkomandi markaði. Val á slíkum milliliðum fer fram með stöðugu mati á getu viðkomandi til að framkvæma fyrirmælin á grundvelli gæða og kostnaðar þeirra þjónustu sem þeir veita.

## 6. TRUFLUN Á MARKAÐI

Verði truflun á markaði eða í kerfinu „Saga Trader“, getur verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Saga Fjárfestingarbanki mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína.

## 7. SAMSÖFNUN PANTANA

Saga Fjárfestingarbanki, og því fjármálafyrirtæki sem Saga Fjárfestingarbanki miðlar fyrirmælum til, er heimilt að safna saman pöntunum mismunandi viðskiptavina, pöntunum fyrir eigin reikning Saga Fjárfestingarbanka og/eða pöntunum annarra viðskiptavina viðkomandi fjármálafyrirtækis. Saga Fjárfestingarbanki mun úthluta viðskiptavininum sínum úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta.

Ef samsöfnuð pöntun er ekki öll framkvæmd á sama verði, er Saga Fjárfestingarbanka heimilt að reikna út meðalverð viðskiptanna við úthlutun til viðskiptavina. Að beiðni

## Almennir skilmálar

viðskiptavinar mun Saga Fjárfestingarbanki láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði.

Athygli viðskiptavinar er vakin á að samsöfnun pantana getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavini í einstökum tilvikum.

### 8. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD VERKLAGSREGLNANNA

Saga Fjárfestingarbanki hefur reglulegt eftirlit með framkvæmd reglnanna.

Telji viðskiptavinur að starfsmaður Saga Fjárfestingarbanka hafi brotið gegn reglum þessum eða hafi viðskiptavinur aðrar athugasemdir við framkvæmd reglna þessara, skal hann beina athugasemdum til regluvarðar Saga Fjárfestingarbanka í síma 545 2600.

### 9. ENDURSKOÐUN REGLNANNA

Reglur þessar skulu endurskoðaðar með reglulegum hætti eftir því sem þörf krefur þannig að þær séu á hverjum tíma fullnægjandi og skilvirkar í framkvæmd.

### 10. UPPLÝSINGASKYLDA

Saga Fjárfestingarbanki skal, að fenginni beiðni viðskiptavinar, geta sýnt fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við reglur þessar. Saga Fjárfestingarbanki mun í því skyni skrá og/eða geyma á tölvutæku formi nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavini og viðskipti þeirra hjá Saga Fjárfestingarbanka.

Komi til efnislegra breytinga á reglum þessum mun Saga Fjárfestingarbanki upplýsa viðskiptavini sína um það. Birting nýrra reglna á heimasíðu Saga Fjárfestingarbanka telst fullnægjandi samkvæmt þessari grein.

Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu Saga Fjárfestingarbanka: [www.sagabanki.is](http://www.sagabanki.is).

### 18. GILDISTAKA

Reglur þessar gilda frá og með 1. nóvember 2007.

## - VIÐAUKI -

### Við Reglur Saga Fjárfestingarbanka um bestu framkvæmd

Saga Fjárfestingarbanki er aðili að Nasdaq OMX á Íslandi og á viðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu annarra fjármálafyrirtækja á eftirfarandi mörkuðum:

Oslo Stock Exchange  
Paris Stock Exchange  
Frankfurt Stock Exchange  
Euronext  
London Stock Exchange (FTSE International)  
American Stock Exchanges (AMEX)  
Nasdaq  
New York Stock Exchange (NYSE)

Ef viðskiptavinur óskar eftir verðbréfum sem ekki hafa verið tekin til viðskipta á framangreindum mörkuðum mun Saga Fjárfestingarbanki leitast við að afla þeirra á öðrum, leiðandi, skipulegum verðbréfamörkuðum.